

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Almar og Svana <heima@lambastadir.is>  
**Sent:** föstudagur, 9. ágúst 2024 11:03  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** erindi frá Lambastöðum.

Óska eftir að eftirfarandi verði tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 13. ágúst nk.

Undirrituð voru viðstödd útför frá Hraungerðiskirkju 30. júlí sl.

Skemmst er frá því að segja að nánast var ólíft þar vegna stæks dauns sem lagði yfir svæðið frá Orkugerðinni.

Hvernig má það vera að í ár og áratugi hafist ekki að koma böndum á starfsemi þessa og ástandið hefur ekki skánað.  
Hverslags dugleysi er þetta?

Fabrikka þessi er rekin í skjóli Flóahrepps þar sem hinn sami hreppur gaf út starfsleyfi, án skilyrða, í lok síðasta kjörtímabils til ársins 2036, ef ég man rétt. Svo hreppurinn ber fulla ábyrgð á þessari starfsemi, auk þess að eigamann í stjórn fabrikkunar.

Síðasta útspil umræddrar fabrikku, ástand sem hófst í maí síðastliðnum, að dælt er út í umhverfið „óhljóðum“ sem berast út um stút á fabrikkunni. Á kyrrum sumarkeldum/dögum berst þessi ófögnuður út um sveitina.

Hvað er að fréttu af því?

Undirrituð óska eftir málefnalegu svari varðandi plan um úrlausn ofangreindra þátta á umræddri fabrikku.

Kveðja,  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Almar Sigurðsson  
Lambastöðum